



## HAFNARFJÖRÐUR

### Minnisblað – Bæjarstjórn 10. maí 2017

#### Málsnr. 1702336 – HS Veitur hf., kaup á hlutabréfum

Málið var á dagskrá bæjarstjórnarfundar 27. apríl s.l. en var frestað og óskað eftir að lagt yrði fram minnisblað um málið.

Skv. upplýsingum frá Júlíusi forstjóra HSV og hluthafalista frá félaginu er ljóst að eftir kaupin eru hlutabréf eiganda færð niður, ekki er verið að selja hlutabréfin sem HS veitur kaupa eða halda eignarhlutum í eigu félagsins.

Sjá neðangreindan tölvupóst með frekari útskýringum frá Júlíusi til bæjarstjóra.

*Sæll Haraldur*

*Félagið kaupir sjálft bréfin og færir þá niður nafnverð hlutafjár um þessa 57.700.000 hluti og svo annað eigið fé.*

*Þau eru um sinn a.m.k. fjármögnuð úr sjóði en vegna mikilla fjárfestinga sem áætlaðar eru á árinu (um 2,5 milljarðar) þarf að fara í lántöku einhvern tíma um næstu áramót.*

*Meðfylgjandi er yfirlit yfir arðgreiðslur og kaup eigin bréfa frá 2014 (kaup HSV voru í febrúar 2014). Jafnframt er yfirlit yfir þá sem seldu HSV á sínum tíma og eiginfjárstöðu í loka árunna 2013 og 2016. HS Veitur voru ekki aðilar að sölu bréfanna 2014 heldur voru það 6 þáverandi eignaraðilar en ég held að það hafi komið fram að kaupverðið hafi verið 3.140 m.kr.*

*Ég vona að þetta sé fullnægjandi en annars hefur þú bara samband aftur.*

*JJJ*

Undirrituð sendi í framhaldi viðbótarspurningar Júlíus:

1. Hversu mikið mega HSV eiga af eigin bréfum
2. Er það ekki öruggt að þessir gjörningar eru í samræmi við lög og reglur

Neðangreint er svar hans

*Sæl Rósa*

*Í 5. grein samþykka félagsins segir eftirfarandi:*

*5. grein*

*Félagið má ekki eiga sjálft meira en 10% af eigin hlutafé og þá aðeins samkvæmt heimild hluthafafundar til handa félagsstjórn. Slík heimild verður aðeins veitt tímabundið og ekki til lengri tíma en 18 mánaða. Eigin hlutir félagsins njóta ekki atkvæðisréttar.*



**HAFNARFJÖRÐUR**

*Varðandi lögmætið þá er það án vafa, þetta hafa mörg fyrirtæki gert án athugasemda þar á meðal HS Veitur nokkur síðustu ár.*

*JJJ*

Samkvæmt ársreikningum félagsins nam heildarhagnaður 736 milljónum króna vegna ársins 2016 og var 780 milljónir króna árið 2015. Eiginfjárhlutfall var 42,3% í árslok 2016.

Virðingarfyllt,

Rósa Steingrímsdóttir  
Sviðsstjóri fjármálasviðs

## HS Veitur hf

Eigandi	Hlutfjáreign eftir sölu 2017	% Hlutfjár			
Reykjanesbær	477.753.600	50,10000%			
HSV eignarhaldsfélag ehf	327.868.668	34,38220%			
Hafnarfjarðarbær	147.024.132	15,41780%			
Sandgerðisbær	953.600	0,10000%			
	<u>953.600.000</u>	<u>100,00000%</u>			
	Reykjanesbær	HSV eignarh.fél	Hafnarfjarðarbær	Sandgerðisbær	Samtals
Arðgreiðsla 2014	225.450.000	154.719.904	69.380.096	450.000	450.000.000
Seld bréf 2015	1.002.000.000	687.644.020	308.355.980	2.000.000	2.000.000.000
Arðgreiðsla 2015	225.450.000	154.719.904	69.380.096	450.000	450.000.000
Seld bréf 2016	250.500.000	171.911.005	77.088.995	500.000	500.000.000
Seld bréf 2017*	250.500.000	171.911.005	77.088.995	500.000	500.000.000
	<u>1.953.900.000</u>	<u>1.340.905.838</u>	<u>601.294.162</u>	<u>3.900.000</u>	<u>3.900.000.000</u>

\* Ófrágengið

## Kaup HSV 2014

Eigandi	Hlutfjáreign	% Hlutfjár
Reykjanesbær	222.492.830	16,64831%
Orkuveita Reykjavíkur (OR)	221.609.343	16,58220%
Grindavíkurbær	6.802.886	0,50903%
Sandgerðisbær	2.979.974	0,22298%
Sveitarfélagið Garður	4.277.099	0,32004%
Sveitarfélagið Vogar	1.331.573	0,09964%
	<u>459.493.705</u>	<u>34,38222%</u>
Eigið fé 31.12.2013	9.840.503.000	53,09000%
Eigið fé 31.12.2016	8.760.499.000	42,31000%